

Fundur samstarfsnefndar Reykjavíkurborgar (RVK) og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga þann 23. maí 2018 kl. 09:00 í Borgartúni 12, Melavöllum

Mættir:

F.h. FÍH: Gunnar Helgason,

F.h. Reykjavíkurborgar: Atli Atlason, Ragnhildur Ísaksdóttir og Rakel Guðmundsdóttir

1. Mat á faglegri reynslu hjúkrunarfræðinga

Samstarfsnefnd er sammála um eftirfarandi breytingu á ákvæði í gr. 1.3.2.2 í kjarasamningi aðila um mat á faglegri reynslu hjúkrunarfræðinga. Um tímabundna breytingu er að ræða og gildir hún frá 1. júlí nk. og út samningstíma aðila eða til 31. mars 2019.

Grein 1.3.2.2 breytist tímabundið sem hér segir og verður eftirfarandi frá 1. júlí 2018 og út samningstíma aðila eða til 31. mars 2019:

Fagreynsla, starfsreynsla og símenntun

Gert er ráð fyrir að hver stofnun/fyrirtæki setji fram starfsþróunaráætlun fyrir alla starfsmenn í starfsáætlun sinni í starfsmannamálum til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna í samræmi við starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar. Fagreynsla og starfsreynsla er metin með eftirfarandi hætti:

- Eftir 1 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg raðast starfsmaður 1 þrepi ofar en ella
- Eftir 2ja ára fagreynslu í starfi raðast starfsmaður 1 þrepi ofar en ella
- Eftir 3ja ára fagreynslu í starfi raðast starfsmaður 1 þrepi ofar en ella
- Eftir 5 ára fagreynslu í starfi raðast starfsmaður 1 þrepi ofar en ella
- Eftir 7 ára fagreynslu í starfi raðast starfsmaður 1 þrepi ofar en ella
- Eftir 9 ára fagreynslu í starfi raðast starfsmaður 1 þrepi ofar en ella

Til að fá fagreynslu í starfsgrein metna þarf starfsmaður að leggja fram gögn sem staðfesta þann starfstíma. Einungis er metin fagreynsla í viðkomandi starfsgrein sem aflað er eftir að formlegu grunnnámi á háskólastigi lýkur. Starfsmaður fær fagreynslu metna frá og með næstu mánaðarmótum eftir að hann hefur lagt fram staðfest gögn um starfstíma sinn.

Starfsmaður sem er í starfi við gildistöku ákvæðisins og hefur áunnið sér hærra þrep vegna starfsreynslu heldur en vegna fagreynslu, heldur því þrepi.

2. Önnur mál

- a. Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 09:30